

78. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn þriðjudaginn 6. september 2011 kl. 14:00–16:45, í húsnæði H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.

Fundinn sátu: Steinunn Helga Lárusdóttir formaður, Gretar L. Marinósson, Brynja Dís Björnsdóttir, Rúnar Sigbórsson og Sigurlína Davíðsdóttir (sem ritaði fundargerð). Svanhildur Kr. Sverrisdóttir boðaði forföll og varamenn gátu ekki mætt. Formaður bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Rúnar Sigbórsson, sem sat sinn fyrsta fund. Tekið var fyrir:

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerðin var samþykkt með athugasemdum.
2. **TUM, tímarit um menntarannsóknir.** Ritstjóri lagði fram skýrslu um stöðu mála:
 - Innihald næsta tölublaðs var kynnt, sex til sjö greinar verða birtar af 11 sem bárust auk einnar sem beðið var um (hagfræði menntunar).
 - Næsta eintak á að koma út um mánaðamótin október-nóvember, samkvæmt skriflegum samningi við forstjóra Háskólaútgáfu.
 - Minnt á að þrír eiga að ganga úr ritstjórn á næsta ári og aðra þarf að finna í þeirra stað.
 - Fjárhagsstaðan var kynnt. tekjuafgangur virðist vera 587.057 krónur.
 - Ræddir voru möguleikar á að setja vinnuferli útgáfunnar í vefform, undir *Open Journal Systems* eða eitthvað svipað kerfi. Ritstjóra var falið að hafa samband við Háskólaútgáfuna til að athuga hvort hún hefur áhuga fyrir að koma þessu á, en að öðrum kosti var formanni og ritstjóra falið að athuga hvort hægt væri að koma á samstarfi við önnur innlend tímarit um slíka framkvæmd.
 - Endurnýja þarf samning milli FUM og TUM. Formanni var falið að ganga frá honum.
3. **Ráðstefna FUM vorið 2012.** Ákveðið var að stjórnarmenn veltu fyrir sér formi ráðstefnunnar, til dæmis hvort bjóða ætti smiðjur, vinnuhópa og slíkt, til viðbótar við vhefðbundnar kynningar á rannsóknum.
4. **Samstarf við innlenda og/eða erlenda aðila sem sinna menntarannsóknum.** Þessum lið var frestað vegna tímaskorts.
5. **ENIRDELM ráðstefna 22.-24. september 2011.** Dagskrá ráðstefnunnar er komin og formaður kynnti hana á fundinum.
6. **Önnur mál:**
 - Formaður sendi Vinnumatssjóði bréf, dags. 29. júní sl. og óskaði eftir endurskoðun á **stigamati fyrir ráðstefnu FUM**. Svar hefur ekki borist, en vonandi er það væntanlegt. Hins vegar hefur þetta stigamat þegar verið leiðrétt hjá þeim sem héldu erindi á ráðstefnunni.
 - **Vefur FUM** – vinnan við vefinn hefur verið í hléi vegna sumarleyfa, en er nú komin af stað aftur. Verið er að athuga litasamsetningar og fleira. Brynja Dís

Björnsdóttir og Þorvaldur Pálmason áætla að ljúka við fyrstu útgáfu af nýjum vef í október. Brynju Dís var falið að taka frumkvæði að áframhaldandi vinnu.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.